

## Fundargerð nr. - 8 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg fundarsalur
<b>Fundardagur:</b>	miðvikudagur 21. mars 2021
<b>Fundartími:</b>	11:00– 12:00
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson oddviti/formaður nefndar Heimir Rafn Bjarkason Stefán Geirsson Börkur Brynjarsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson stýrði fundi.  
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Skipulagsmál sem unnið er að

Fyrri liggja minnispointar frá fundi með Eflu vegna tímaáætlunar. Gert er ráð fyrir að gögn vegna skólalóðar Flóaskóla, íbúðasvæðis við Þingborg og iðnaðarsvæðis við Heiðargerði fari fyrir fund skipulagsnefndar 13. apríl. Bæta þarf staðsetningu á mastri inn á skipulag skólalóðar.

### 2. Skólaholtið og mögulegar framkvæmdir þar í sumar

Leita þarf tilboða í niðurrif á gamla húsi ásamt frágangi eftir það. Stefnt að verklokum fyrir skólabyrjun haustið 2022. Tillaga um Börk Brynjarsson sem byggingarstjóra vegna niðurrifs. Einnig er stefnt að tilfærslu á leiksvæðum, t.d. körfuboltavelli. Einnig verði skoða að koma upp hraðhleðslustöðvum á efra bílplani Þjórsárvers.

### 3. Umræða um verklag við framkvæmdir eftir að skipulagsbreytingar eru samþykktar

Rætt um forgangsroðun verkefna, úttekt óháðs aðila á fjárhagslegri getu Flóahrepps til framkvæmda munu stýra framkvæmdahraða. Hönnunarvinnu þarf að setja í gang.

### 4. Urriðafoss og staða þeirra mála

Börkur Brynjarsson upplýsti um gang mála við framkvæmdir við Urriðafoss. Stígurinn var tilbúinn undir slitlagslögn um áramót en ekki hefur viðrað vel til þess að leggja það ennþá. Töluvert meira þurfti að grafa upp til þess að ná réttum halla á stíga.

Við skoðun á bílplani kom í ljós að það þarf að jarðvegsskipta í hluta þess áður en hægt er að malbika það. Sótt hefur verið um í styrkvegasjóð til þess að ljúka aðkomuvegi og plani með slitlagi. Ef ekki næst viðbótarstyrkur þá verði frestað slitlagslögn á bílplani til 2023.

### 5. Vatnsveitumálin

Möguleiki er á lagningu á viðbótarlegg með Þingdalsafleggjara með lögn frá Rarik. Ljósleiðari verður einnig plægður um leið. Fyrir liggur kostnaðaráætlun vegna vatnsöflunar í Grímsnesi. Ekki liggur fyrir afstaða Árborgar til þátttöku í verkefninu sem er lykilforsenda fyrir áframhaldinu. Dæla sem keypt var fyrir áramót er tilbúin til niðurstetningar á milli Þingdals og Ruddakróks. Lögnin er tilbúin. Þessi framkvæmd tryggir þeirri uppbyggingu sem nú er áformuð í skipulagsgögnum fyrir svæðið nægilegt vatn.

### 6. Samgöngur, hvað er framundan

Mjög mikið mæðir á Önundarholtsvegi, hann polir illa mikla þungaflutninga af byggingarsvæði á Selfossi. Áherslu þarf að leggja á að koma endurbótum á honum inn í áætlanir Vegagerðarinnar eins fljótt og mögulegt er. Endurbætur á Gaulverjabæjarvegi að Félagslundi eru á leiðinni í útboð ef fjármagn fæst til framkvæmda. Villingaholtsvegur kemur illa undan vetri og þarfnast verulegra endurbóta. Þrýsta þarf á Vegagerðina vegna þess.

### 7. Snjómokstur, staða mála.

Fyrsti hluti ársins hefur verið óvenjulega erfiður hvað varðar færð. Mikið hefur þurft að kaupa út af verktökum við snjómokstur og hálkuvörnir. Fyrri liggur að búið er að greiða kr. 3.700.000 vegna þess.

**Hreinsistöð vegna íbúðahverfis í Þingborg**

Kostnaður er áætlaður 5,5 millj með vsk fyrir 50 pers. einingar. Fyrir fullbyggt hverfi er áætlaður kostnaður við hreinsistöð 13 millj.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.